

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Bactroban Nasal 2% nefsmyrslí múpírócínkalsíum

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Bactroban Nasal og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Bactroban Nasal
3. Hvernig nota á Bactroban Nasal
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Bactroban Nasal
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Bactroban Nasal og við hverju það er notað

Bactroban Nasal er bakteríudrepandi sýklalyf.

Bactroban Nasal smyrslí er notað til meðferðar gegn nokkrum sérlega ónæmum bakteríum sem geta verið í nefi.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Bactroban Nasal

Ekki má nota Bactroban Nasal

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir múpírócíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Gætið þess að fá Bactroban Nasal ekki í augun. Ef Bactroban Nasal berst óvart í augu skal skola þau vandlega með vatni.

Ef þú færð ofnæmisviðbrögð skal þurrka smyrslíð í burtu og hætta notkun þess. Ráðfærðu þig við lækninn varðandi hvaða meðferð skuli nota í staðinn.

Ef þú færð magakrampa eða viðvarandi niðurgang skaltu ræða við lækninn. Læknirinn mun rannsaka hvort þetta stafí af sýkingu í þörmunum.

Notkun annarra lyfja samhliða Bactroban Nasal

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Bactroban Nasal skal einungis notað á meðgöngu samkvæmt ráðleggingum læknis.

Brjóstgjöf

Takmörkuð reynsla er af notkun Bactroban Nasal samhliða brjóstgjöf. Ráðfærðu þig við lækinn.

Akstur og notkun véla

Bactroban Nasal hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Bactroban Nasal

Notið Bactroban Nasal alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ekki blanda Bactroban Nasal saman við önnur krem eða smyrsl þar sem það gæti dregið úr verkun Bactroban Nasal.

Þvoið hendurnar áður en og eftir að Bactroban Nasal er borið á

Ráðlagður skammtur af Bactroban Nasal er tvisvar á dag í hvora nös, í 5 til að hámarki 10 daga.

Lítið magn af nefsmyrslu, sem svarar til stærðar á eldspýtuhaus, er borið á með eyrnapiþna í þunnu lagi í hvora nös. Eftir að smyrslíð hefur verið borið á eru nasirnar klemmdar saman nokkrum sinnum.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Umfram nefsmyrslu skal fjarlægð varlega. Ofskömmun með þessu lyfi veldur sjaldan vandamálum. Ef þú kyngir nefsmyrslinu í ógáti skaltu leita ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða eitrunarmiðstöð.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að nota Bactroban Nasal

Ef þú gleymir að bera Bactroban Nasal á, skaltu gera það um leið og þú manst eftir því.

Ef innan við klukkustund er að næsta skammti, skal sleppa skammtinum sem gleymdist.

Aldrei á að nota tvöfalt magn til að bæta upp skammt sem gleymst hefur. Haltu bara áfram að nota sama skammt.

Ef hætt er að nota Bactroban Nasal

Mikilvægt er að ljúka meðferðinni með Bactroban Nasal. Ef notkun Bactroban Nasal er hætt of snemma er ekki víst að allar bakteríurnar séu dauðar og þær gætu haldið áfram að vaxa. Spyrjið lækinn eða lyfjafræðing hvenær hætta megi notkun nefsmyrslisins.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarleg ofnæmisviðbrögð

Þessar aukaverkanir koma örsjaldan fyrir hjá þeim sem nota Bactroban Nasal.

Einkenni sem þú skalt fylgjast með

- Skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar og yfirlið (innan mínútna til klukkustunda), vegna ofnæmis (bráðaofnæmisviðbrögð). Getur verið lífshættulegt. Hringdu í 112.
- Útbrot (ofsakláði) og þroti. Getur verið alvarlegt. Ráðfærðu þig við lækinn. Ef þroti er í andliti, vörum eða tungu getur það verið lífshættulegt. Hringdu í 112.
- Upphleyp útbrot ásamt kláða.

Hafðu strax samband við lækinn ef þú finnur fyrir einhverjum þessara einkenna. Hættu að nota Bactroban Nasal.

Bactroban Nasal getur valdið **ertingu í húð** og **ofnæmisviðbrögðum**. Ef þú færð ofnæmisviðbrögð í húðinni, skaltu **hætta að nota Bactroban Nasal. Fjarlægðu nefsmyrslíð og hafðu samband við lækinn eins fljótt og hægt er.**

Lyf eins og Bactroban Nasal geta í mjög sjaldgæfum tilvikum valdið bólgu í ristli, sem veldur niðurgangi, oft með blóði og slími, magaverkjum og hita.

Hafðu strax samband við lækinn ef þú færð einhver þessara einkenna.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Nefrennsli.
- kláði, roði, brunatilfinning, náladofi og/eða sviði í nefi.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

- kláði, roði og sviði í húðinni.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Bactroban Nasal

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakningar og aðrar upplýsingar

Bactroban Nasal 2% inniheldur

- Virkt innihaldsefni: Múpírócinálsíum, jafngilt 20 mg af múpíróciní í 1 g af nefsmýrslí.
- Önnur innihaldsefni: Hvítt mjúkt paraffín og Softisan 649.

Lýsing á útliti Bactroban Nasal og pakningastærðir

Bactroban Nasal er hvítleitt smýrslí.

Pakningastærð

Túpa sem inniheldur 3 g.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

GlaxoSmithKline Pharma A/S
Delta Park 37,
2665 Vallensbæk Strand,
Danmörk

Framleiðandi

Delpharm Poznań S.A.
ul. Grunwaldzka 189
60-322 Poznań
Pólland

GlaxoSmithKline Trading Services Limited
12 Riverwalk
Citywest Business Campus
Dublin 24
Írlandi

Umboð á Íslandi

Vistor hf., sími: 535-7000

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2022.